



**Fernt, sem
Guð vill láta
þig vita**

1

Þú þarft að frelsast

Því að allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.

(Rómverjabréfið 3: 23)

Vér fórum allir villir vega sem sauðir, stefndum hver sína leið.

(Jesaja 53: 6)

Það liggur fyrir mönnunum eitt sinn að deyja, en eftir það er dómurinn.

(Hebreabréfið 9: 27)

Laun syndarinnar er dauði.

(Rómverjabréfið 6: 23)

Enginn getur séð guðsríki, nema hann endurfæðist.

(Jóhannes 3: 3)

Það, sem af holdinu er fætt, er hold, og það, sem af Andanum er fætt, er andi.

(Jóhannes 3: 6)

4 Drottinn Jesús megnar að frelsa og varðveita

Fyrir því getur hann og til fulls frelsað þá, sem fyrir hann ganga fram fyrir Guð, þar sem hann ávallt lifir til að biðja fyrir þeim. (Hebreabréfið 7: 25)

Hann megnar að varðveita yður frá hrösun og láta yður koma fram fyrir dýrð sína, lýtalaus í fögnuði. (Júdasar bréf 24)

Með því að hann hefir liðið, þar sem hans sjálfs var freistað, er hann fær um að fulltingja þeim, er verða fyrir freistingu. (Hebreabréfið 2: 18)

Ef þannig einhver er í Kristi, er hann ný sköpun, hið gamla varð að engu, sjá, það er orðið nýtt. (2 Korintubríf 5: 17)

3

Guð hefir séð um hjálpræði handa þér

Guð hefir ekki ætlað oss til reiði,
heldur til að öðlast sáluhjálp
fyrir Drottin vorn Jesúm Krist,
sem dó fyrir oss.

(1 Þessaloníkubréf 5: 9–10)

Guð elskaði svo heiminn, að hann
gaf son sinn eingetinn, til þess að
hver, sem á hann trúir, glatist
ekki, heldur hafi eilíft líf.

(Jóhannes 3: 16)

Drottinn lét misgjörð vor allra
koma niður á honum. (Jesaja 53: 6)

Því að Kristur leið líka einu sinni
fyrir syndir, réttlátur fyrir rangláta,
til þess að hann gæti leitt oss til

Guðs. (1 Péturs bréf 3: 18)

Náðargjöf Guðs er eilíft líf í
Kristi Jesú, Drottni vorum.

(Rómverjabréfið 6: 23)

2

Þú getur ekki sjálfur frelsað þig

Margur vegurinn virðist greiðfær, en endar þó á helslóðum.

(Orðskviðirnir 14: 12)

Maðurinn réttlætist ekki af lögmálsverkum. (Galatabréfið 2: 16)

Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú; og það er ekki yður að þakka, heldur Guðs gjöf. Ekki af verkum, til þess að enginn skuli geta þakkað sér það sjálfum. (Efesusbréfið 2: 8–9)

Jesús sagði: Ég er vegurinn og sannleikurinn og lífið; enginn kemur til föðurins nema fyrir mig. (Jóhannes 14: 6)

Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum, því að eigi er heldur undir himninum annað nafn, er menn kunna að nefna, sem oss sé ætlað að verða hólpnir fyrir. (Postulasagan 4: 12)

Þess vegna

Gjörðu iðrun

Guð . . . boðar nú mönnunum, að þeir allir skuli alstaðar gjöra iðrun. (Postulasagan 17: 30)

Trúðu

Trú þú á Drottin Jesúm, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt. (Postulasagan 16: 31)

Játaðu Guði syndir þínar

Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti. (1 Jóhannesar bréf 1: 9)

Játaðu Krist fyrir mönnum

Því að ef þú játar með munni þínum Drottin Jesúm og trúir með hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða; því að með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis. (Rómverjabréfið 10: 9–10)